

## Fundargerð Fagráðs í nautgriparækt

Fundur 13. mars 2012 kl: 13:00 í húsakynnum BÍ. Bændahöllinni

### Aðalfulltrúar með atkvæðisrétt

Guðný Helga Björnsdóttir, fulltrúi BÍ, formaður Fagráðs  
Sigurgeir Hreinsson, fulltrúi LK  
Sigurður Loftsson, fulltrúi LK  
Þórarinn Leifsson, fulltrúi LK  
Magnús B. Jónsson, fulltrúi BÍ

### Stuðningsfulltrúar með málfrelsi og tillögurétt

Gunnar Guðmundsson  
Baldur Helgi Benjamínsson  
Bragi Líndal Ólafsson  
Grétar Hrafn Harðarsson  
Björn S. Gunnarsson

### Forföll boðuðu.

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, ritari Fagráðs  
Þorsteinn Ólafsson

Formaður setti fund og stjórnaði. Fyrir var tekið:

## 1. Umsóknir um styrki í þróunarsjóð nautgriparæktar

### 1.1 Yfirfærsla kynbótamats búfjár í DMU – Nautgriparæktarhluti.

Um verkefnið hefur verið fjallað áður. Gunnar Guðmundsson og Magnús B. Jónsson gerðu grein fyrir stöðu verkefnisins sem hófst á síðasta ári og er unnið samkvæmt samningi milli BÍ og LbhÍ sem felur í sér yfirfærslu kynbótamats búfjár í nýtt forritaumhverfi og áframhaldandi þróun kynbótamatsins. Þegar er hafin vinna við hrossarækt og nautgriparækt en sauðfjárræktin hefur beðið hingað til. Samþykkt að veita allt að 1.500 þús kr. til verkefnisins sem greiðist samkvæmt unnum verkefnum.

### 1.2 Kornkynbætur og kornrækt.

Hér er um að ræða framhald umsóknar frá fyrra ári og er hluti af þriggja ára verkefni um kornkynbætur og kornrækt. Í ljósi þess að verkefni þetta nýtist til eflingar innlendrar fóðurframleiðslu var ákveðið að veita verkefninu áframhaldandi styrk á þessu ári. Sótt er um 1.500 þúsund krónur. Í umsókn er gert ráð fyrir 20% álagi ofan á tilgreindan kostnað. Í samræmi við fyrri ákvarðanir Fagráðs þar sem áður nefnt álag ofan á kostnað er undanskilið var samþykkt að styrkja verkefnið um um 1.200 þús. kr. Þessi styrkveiting er ekki fordæmisgefandi fyrir styrk á komandi ári.

### 1.3 Tengsl snefilefna og jarðvegseiginleika í túnrækt

Verkefni þetta fellur utan verkefnasviðs Þróunarsjóðsins og því var því hafnað.

### 1.4 Sérstök bókun fagráðs vegna stöðu rannsókna í nautgriðarækt

Fagráð í nautgriparækt lýsir miklum vonbrigðum með hversu lítið er sótt í þróunarsjóð nautgriparæktar frá Landbúnaðarháskóla Íslands og hversu fá rannsóknarverkefni eru nú á sviði nautgriparæktar við skólann. Fagráðið lýsir áhyggjum af því að hið nýja rekstarform á kúabúi skólans virki neikvætt í umræðu um rannsóknarhlutverk þess og sé jafnvel letjandi á

rannsóknarstarf í nautgriparækt. Þá vill Fagráðið ítreka mikilvægi þess að rannsóknarverkefnum sé lokið með formlegu uppgjöri og útgáfu á niðurstöðum.

## **2. Verklagsreglur þróunarsjóðs**

Fyrir lágu verklagsreglur Þróunarsjóðs nautgriparæktar. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti hafði gert athugasemdir við tvö atriði í verklagsreglunum. Fagráð féllst á þessar athugasemdir fyrir sitt leyti og verður reglunum væntanlega breytt í samræmi við álit ráðuneytisins.

## **3. Ársfundur Fagráðs 2012**

Ákveðið var að halda Ársfund fagráðs þann 16. apríl n.k. að Möðruvöllum í Hörgárdal. Fundurinn verður með hefðbundnu sniði og megin efni hans staða og möguleikar nautakjötsframleiðslu.

## **4. Ræktunarstarf í nautgriparækt.**

Formaður kynnti fund sem nautgriparæktarráðunautar áttu með kjörnum fulltrúum Fagráðs um ræktunarstarfið í nautgriparæktinni og framvindu þess. Þessi fundur var haldinn vegna þess að óskað hefur verið að ráðunautarnir flytji erindi á aðalfundi LK um stöðu og framtíðarhorfur í ræktunarstarfi nautgriparæktarinnar.

## **5. Önnur mál**

### *4.1 Framsetning kynbótaeinkunna.*

Baldur Helgi gerði athugasemdir við framsetningu á kynbótaeinkunn fyrir spena.

### *4.2 Aðgengi að gögnum úr HUPPU*

Grétar Hrafn spurðist fyrir um hvernig væri háttað aðgengi að gögnum sem safnað er í HUPPU.

### *4.3 Betri Bústjórn.*

Gunnar Guðmundsson kynnti framvindu verkefnisins Betri bústjórn sem nú er á lokastigi og lagði fram frumdrög að úrvinnslu verkefnisins.

Fleira ekki rætt og fundi slitið

Magnús B. Jónsson, ritaði fundargerð í fjarveru ritara